

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 16. september 1981 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands:

1. gr.

92. gr. orðist svo:

„Til síðari hluta prófs teljast kjarni, kjörsvið, frálsar kjörgreinar og ritgerð.

Kjarni er metinn 30 námseiningar, kjörsvið og frjálsar kjörgreinar samanlagt 21 eining og ritgerð 9 einingar hjá þeim, sem ekki velja sér endurskoðunarkjörsvið. Fyrir þá, sem velja endurskoðunarkjörsvið gildir kjörsvið og frjálsar kjörgreinar 24 einingar og ritgerð 6 einingar.

Stúdent getur valið milli tveggja kjarna, fyrtækjakjarna og þjóðhagskjarna.

Prófgreinar í fyrtækjakjarna eru þessar:

17. Stjórnun I
18. Stjórnun II
19. Fjármál fyrirtækja I
20. Fjármál fyrirtækja II
21. Sala I
22. Sala II
23. Framleiðsla I
24. Framleiðsla II
25. Aðgerðarannsóknir
26. Rafreiknar II a eða b

Prófgreinar í þjóðhagskjarna eru þessar:

19. Fjármál fyrirtækja I
25. Aðgerðarannsóknir
27. Rekstrarhagfræði II
28. Rekstrarhagfræði III
29. Þjóðhagfræði II
30. Þjóðhagfræði III
31. Hagrannsóknir I
32. Hagrannsóknir II
33. Hagkerfi
34. Rafreiknar II c

Vægi allra ofantalinna prófgreina er 3 námseiningar. Kennslu í síðari hluta skal haga þannig, að farið sé yfir námsefni í kjarnagreinum og kjörsviðsgreinum árlega, en námsefni í öðrum greinum að minnsta kosti annað hvert ár.

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann hefur nám í síðari hluta.“

2. gr.

93. gr. 2. ml. 1. mgr. orðist svo:

„Eitt kjörsvið í framhaldi af fyrtækjakjarna skal vera endurskoðunarkjörsvið.“

23. september 1981.

275

Nr. 79.

3. gr.

94. grein falli niður í heild sinni.

4. gr.

Breyting þessi tekur gildi fyrir þá stúdenta sem innritast í viðskiptadeild haustið 1981 eða síðar.

Í menntamálaráðuneytinu, 23. september 1981.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

2. nóvember 1981.

Nr. 80.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 2. nóvember 1981.

Gunnar Thoroddsen.

Gísli Árnason.